




Helgi Ívarsson

# Sigurgrímur Jónsson
## bóndi í Holti

Það var vorið 1888 að ábúendaskifti urðu að Holti í Stokkseyrarhreppi, þangað fluttu frá Oddagörðum í sömu sveit hjónin Jón Jónsson og Ingibjörg Grímsdóttir, þau áttu eftir að búa þar langa ævi og gera garðinn frægan og afkomendur þeirra eftir þau allt til þessa dags.

Þau hjón Jón og Ingibjörg voru bæði komin af sunnlenskum bændaættum. Jón Jónsson fæddist 13. sept. 1849 og var hann sonur Jóns Gamalíelssonar, bónda í Jórvík og Oddagörðum í Flóa og konu hans Ingibjargar Einarsdóttur. Ingibjörg Grímsdóttir var fædd 17. apríl 1855 og var dóttir Gríms Jónssonar bónda í Gljákoti í Stokkseyrarhreppi og konu hans Guðfinnu Sigurðardóttur, var Grímur í Gljákoti fjórði maður frá hinum kunna ættföður Bergi Sturlaugssyni, hreppstjóra í Brattsholti í Stokkseyrarhreppi, en Bergur og niðjar hans eru þekktir af Bergsætt, miklu ættfræðiriti er dr. Guðni Jónsson, prófessor samdi.

Ævistarf Jóns í Holti var af mörgum þáttum spunnið. Um hans daga var sjósókn á áraskipum gildur þáttur í afkomu bænda í lágsveitum Árnessýslu, hafði svo raunar verið um aldaraðir, en náði hámarki um og fyrir síðustu aldamót. Sjósóknin gaf bæði búsílag og kaupstaðarvöru og forðaði íbúum þessara sveita frá skorti, en búin voru víða smá. Jón í Holti var kunnur sjósóknari. Mun hann hafa stundað sjó í 60 vertíðir eða frá fermingaraldri og til þess hann var um 75 ára aldur, mest frá Stokkseyri, en þar var hann formaður í 30 vertíðir.



*Holt í Stokkseyrarhreppi.*

Um árabil var Jón starfsmaður við Lefolisverzlun á Eyrarbakka, meðan vorkauptíð stóð yfir. Sú verzlun var þá ein af hinum umsvifamestu í landinu og sóttu bændur þangað til verzlunar af öllu suðurlandsundirlendi.

Sveitungar Jóns í Holti kvöddu hann til forystu, hann átti sæti í hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps í tæpa þrjá áratugi frá 1881 til 1910, þar af oddviti í 13 ár, 1897 til 1910. Naut hann vinsælda og virðingar fyrir störf sín á þessu sviði, enda var hann að sögn samtímamanna hans kunnur að góðvild og svo mikið prúðmenni að fáa getur slíka.

Með öllum þeim umsvifum Jóns er hér hafa verið talin, var hann einnig í tölu bestu bænda, kom þar til að kona hans, Ingibjörg, var hin mesta búkona og stýrði hún búi þeirra hjóna í fjarveru bónda síns. Þá var bróðir Ingibjargar, Þórður Grímsson, f. 12. febr. 1872, d. 2. júlí 1925, að búi með þeim nálega alla ævi sína og studdi hann hag systur sinnar og mágs með ráðum og dáð.

Jörðina Holt keypti Jón 1887, ári áður en hann fór að búa þar. Tók hann til kaupanna víxillán í Landsbankanum, en hann hafði þá starfað um eins árs skeið svo bankaviðskipti voru ný í landinu. En þótt Jón í Holti væri fljótur að hefja viðskipti við hinn nýstofnaða banka þá var hann óvanur því





að skulda, brá hann því á það ráð þegar næsta haust, að hann seldi alla sauði sína til Bretlands fyrir gull, en þeir voru þá 60, fór síðan með gullið í Landsbankann og borgaði víxilinn upp.

Á síðustu áratugum nítjándu aldar voru stofnuð hreppabúnaðarfélög víða um land. Jón Jónsson í Holti var annar tveggja manna er mest beittu sér fyrir stofnun búnaðarfélags í Stokkseyrarhreppi árið 1888, tók hann þá þegar sæti í stjórn þess og var í henni tæp 40 ár. Sjálfur vann Jón að umbótum á jörð sinni, bæði ræktun og byggingum eins og þeirra tíma verktækni leyfði. Hug Jóns til framfara í landbúnaði má og nokkuð marka af því að syni sína báða studdi hann til náms við Bændaskólann á Hvanneyri.

Þau Jón og Ingibjörg í Holti eignuðust 4 börn er voru þessi:

1. Ingibjörg Jónsdóttir, húsfreyja í Fjalli á Skeiðum, f. 14. júlí 1883, d. 18. maí 1965. Maður hennar var Guðmundur Lýðsson, bóndi þar.
2. Ingimundur Jónsson, bóndi í Hala í Holtum, síðar kaupmaður í Keflavík, f. 3. febr. 1887, d. 4. nóv. 1969. Kona Ingimundar var Sigríður Þórðardóttir, bónda og alþingismanns í Hala, Guðmundssonar.
3. Guðfinna Jónsdóttir, f. 20. okt. 1890, d. 13. júní 1905.
3. Sigurgrímur Jónsson, bóndi í Holti er hér verður nánar frá sagt í ritgerð þessari.

Ingibjörg Grímsdóttir andaðist 18. des. 1922, Jón Jónsson varð háaldraður. Hann lést í Holti þann 9. maí 1939, nær níræður og hafði þá hátt í tvo áratugi dvalið þar á heimili sonar síns og tengdadóttur.

Sigurgrímur Jónsson fæddist í Holti 5. júní 1896. Þar ólst hann upp á heimili foreldra sinna, en þau bjuggu við góð efni og hafa bæði haft vilja og mátt til að gera æskudaga hans góða. Störfin í sveitum voru þá enn lítt breytt frá því sem verið hafði um aldaraðir og þeim urðu allir að sinna. Þegar á unglingsaldri fór Sigurgrímur til vers með föður sínum, var hann tvær vertíðir í Þorlákshöfn á tíma áraskipa og bjó þar með félögum sínum í verbúð, en verbúðir þess tíma

voru oftlega þröngar, dimmar og lekar. Þarna kynntist Sigurgrímur náið sjómennsku gamla tímans bæði störfum og aðbúð manna. Á gamals aldri tók hann saman og flutti fróðlegt erindi um þá liðnu tíð, mun það varðveitt sem heimild um þessa starfshætti.

Vorið 1915 lauk Sigurgrímur prófi frá Bændaskólanum á Hvanneyri eftir tilskilið nám þar. Þá var skólastjóri á Hvanneyri hinn kunni búnaðarfrömuður Halldór Vilhjálmsson en hann hafði tekið við skólastjórn fáum árum fyrr. Var Halldór á Hvanneyri mikilhæfur lærifaðir ungra manna og vist í skóla hans gott veganesti þeim er hann sóttu. Skólavistin gaf þeim að sjálfsögðu kost að umgangast marga mikilhæfa menn. Sá er þetta ritar heyrði Sigurgrím vitna til kynna sinna á skólaárum af alkunnum merkismanni Tryggva Þórhallssyni, er í þann tíð var ungur prestur í Hestþingum í Borgarfirði, en varð síðan þekktur stjórnmálamaður og forsætisráðherra.

Ekki þarf að efa að Sigurgrími hefði verið bein og auðfarin leið til langskólanáms og embættisframa, ef hann hefði sjálfur kosið. Fór þar saman góðir möguleikar foreldra hans að styðja hann til náms og námsgáfur hans sjálfs, sem án efa voru í besta lagi, en hann valdi þá leið að fara í bændaskóla er hann hafði aldur til og var þá brautin mörkuð til þess er síðar varð ævistarf hans.

Að loknu námi á Hvanneyri var Sigurgrímur barnakennari í Stokkseyrarhreppi í tvo vetur 1915 til 1917, en næstu ár þar á eftir hvarf hann að sjómennsku á vélbátum frá Stokkseyri. Stundaði hann það 4 vetrarvertíðir og líkaði allvel þótt vélbátarnir á þeim árum væru næsta smáar fleytur, um og innan við 10 smálestir og aðbúnaður þar eftir. Þessi kynni Sigurgríms af sjómennsku hafa án efa verið honum gagnleg er hann síðar hafði mikil afskipti af útgerð.

Fljótt kom fram áhugi Sigurgríms til þátttöku í félagsmálum. Sjálfur sagði hann þeim er þetta ritar að hann hefði fyrst komið til mannfunda á Stokkseyri 11 ára að aldri í fylgd með föður sínum. Samkomur og mannfagnaði í heimasveit sinni sótti hann fram yfir áttrætt svo hann var þátttakandi í félagslífi sveitar sinnar full 70 ár.







*Unnur Jónsdóttir og Sigurgrímur Jónsson.*

Á æskuárum Sigurgríms Jónssonar var blómaskeið ungmennafélaganna. Þau voru ungu fólki af þeirri kynslóð kærkominn vettvangur starfs og skemmtunar. Þar lærðu menn réttar leikreglur í félagsmálum og æfðust í fundarstörfum, ritfærni og mælskulist. Ungmennafélag var stofnað á Stokkseyri 1908 og hefur starfað síðan. Var starfsemi þess mjög öflug fyrstu áratugina bæði í íþróttaiðkunum og margskonar skemmtanahaldi. Ungur maður með svo ríka hneigð til félagsmála sem Sigurgrímur Jónsson, hlaut að verða þátttakandi í starfi ungmennafélaganna. Minntist hann stundum æskuára sinna og hversu þá hefði oft verið glatt á hjalla í góðra vina hópi. En strax í æsku var Sigurgrímur kvaddur til mannaforráða. Varð hann formaður ungmennasambandsins Skarphéðins, sem er samband ungmennafélaga á Suðurlandi, á árunum 1915—1917 þá rétt um tvítugt, og var það

mikið traust sýnt svo ungum manni. Síðar varð hann heiðursfélagi þess sama sambands. Var Sigurgrímur einn þeirra fjölmörgu ungu manna er fengu góðan undirbúning til félagsmálastarfa á víðari vettvangi með því að starfa í æsku að málefnum ungmennafélaganna.

Sigurgrímur Jónsson kvæntist þann 21. júní 1921, var kona hans Unnur Jónsdóttir frá Jarlsstöðum í Bárðardal. Unnur var fædd að Íshóli í sömu sveit 6. janúar 1895. Hún lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík vorið 1914, var barnakennari á Siglufirði á árunum 1915–1918, en síðan í Gaulverjabæ í Flóa 1918–1921. Foreldrar Unnar voru Jón Þorkelsson frá Víðikeri, f. 18. okt. 1843, d. 27. marz 1913, bóndi að Íshóli og síðar Jarlsstöðum og síðari kona hans Jóhanna K. Sigursturludóttir, f. 6. okt. 1861, d. 26. febr. 1950. Jón Þorkelsson var kunnur af ferðalögum sínum um óbyggðir og fjöll suður af Þingeyjarsýslu allt suður undir Vatnajökul, en þar var þá víða næsta fáförult, var hann oftlega fenginn til að vera leiðsögumaður annarra, er um það svæði vildu fara. Einn þeirra er nutu leiðsagnar hans var Englendingurinn John Coles er hér ferðaðist um 1881. Hefir John Coles ritað um Jón Þorkelsson og heimili hans í ferðabók sinni, er út kom í London 1882, en síðar í íslenzkri þýðingu. Eftir lát Jóns Þorkelssonar flutti ekkja hans og mörg börn til Suðurlands, og mun það hafa beint för Unnar Jónsdóttur á sömu slóðir, þar sem síðar réðust örlög hennar og ævistarf.

Þeim Unni og Sigurgrími var það mikill hamingjudagur er þau gengu í hjónaband, en þau bjuggu saman í meira en hálfa öld eða þar til Unnur andaðist þann 3. apríl 1973. Þau hjón voru bæði einkar gjörvileg í sjón og allri framgöngu og samhent í því að móta það fjölmenna sveitaheimili er þau veittu forstöðu. Meðal þeirra er mæltu eftir Sigurgrím látinn, var Hróbjartur Hróbjartsson arkitekt, Reykjavík, en hann dvaldi oftlega í Holti á æskudögum sínum. Hróbjarti farast m.a. svo orð: „Sigurgrímur og kona hans Unnur Jónsdóttir, sem lést fyrir fáum árum, voru sannir leiðtogar og fyrirmynd níu barna sinna og reyndar margs aðkomufólks sem tíðum var langdvölum í Holti, einkum þó yfir sumartímann. Fjöl-







*Sigurgrímur með börnum og tengdabörnum. Myndin var tekin 5. júní 1976 á áttræðisafmæli Sigurgríms. Fremri röð f.v.: Pétur Behrens, Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, Sveinbjörn Guðmundsson, Ingibjörg Sigurgrímsdóttir, Sigurgrímur Jónsson, Áslaug Sigurgrímsdóttir, Guðjón Ólafsson. Aftari röð f.v.: Hákon Sigurgrímsson, Unnur Stefánsdóttir, Skúli Sigurgrímsson, Elín Tómasdóttir, Grímur Sigurgrímsson, Elín Frímannsdóttir, Vernharður Sigurgrímsson, Gyða Guðmundsdóttir, Jón Sigurgrímsson, Jóna Ásmundsdóttir, Hörður Sigurgrímsson, Anna Guðrún Bjarnadóttir.*

breytt störf í sveitinni, gáskinn á stóru heimili, en þó ekki síst nærgætni og hlýlegt viðmót Sigurgríms og Unnar drógu ávallt síðan unglinginn úr borginni til sín austur yfir fjall. Mörg varð hans ferðin til lengri eða skemmri dvalar í Holti. Árin liðu og æ ljósari varð mér andleg orka þeirra hjóna, víðtæk sjálfsmenntun og þekking um hin ólíkustu efni. Í góðra vina hópi var oft spurt og margt spjallað. Ósjaldan bar þá sjálfa lífsgátuna á góma."

Þau Unnur og Sigurgrímur höfðu mikið barnalán, eignuðust 9 mannvænleg börn, er öll lifa foreldra sína og bera þeim og æskuheimili sínu gott vitni, eru 5 þeirra búsett í fæðingarsveit sinni Stokkseyrarhreppi, en 4 í þéttbýlinu við Faxaflóa.

Systkinin frá Holti eru þessi:

1. Jón Sigurgrímsson, f. 7. maí 1922, bóndi í Holti og búfræðingur frá Hvanneyri. Jón hefur í fjölda ára ekið vörubifreið sem Holtsbúið á. Kona Jóns er Jóna Ásmundsdóttir frá Eyrarbakka, eiga þau 6 börn.
2. Hörður Sigurgrímsson, f. 29. júní 1924, bóndi í Holti og búfræðingur frá Hvanneyri. Hörður hefur starfað mikið að félagsmálum landbúnaðarins, verið m.a. formaður Búnaðarfélags Stokkseyrarhrepps síðan 1958 og á nú sæti í stjórn Mjólkurbús Flóamanna. Kona Harðar er Anna Guðrún Bjarnardóttir frá Selfossi. Þau eiga 5 börn.
3. Ingibjörg Þóra Sigurgrímsdóttir, f. 17. júlí 1925, húsmóðir að Heiðarbrún á Stokkseyri. Ingibjörg lauk prófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Hún hefur um árabil verið starfsmaður við verzlun Kaupfélags Árnesinga á Stokkseyri. Maður Ingibjargar er Sveinbjörn Guðmundsson frá Stokkseyri, verzlunarstjóri við verzlun Kaupfélags Árnesinga þar. Þau eiga 3 syni.
4. Áslaug Sigurgrímsdóttir, f. 30. júlí 1927, húsmóðir og húsmæðraskólakennari, Reykjavík. Maður Áslaugar er Guðjón Ólafsson úr Reykjavík, fulltrúi hjá Olíuverzlun Íslands. Áslaug á eina dóttur.
5. Jóhann *Vernharður* Sigurgrímsson, f. 23. janúar 1929. Bóndi í Holti. Vernharður nam við Héraðsskólann á Laugarvatni. Hann hefir starfað mikið að málefnum Stokkseyrarhrepps og fyrirtækja hans. Var oddviti Stokkseyrarhrepps 1970–1978. Kona Vernharðar er Gyða Guðmundsdóttir, ættuð úr Biskupstungum, þau eiga 5 börn.
6. Skúli Birgir Sigurgrímsson, f. 11. apríl 1931. Hann lauk prófi frá Verzlunarskólanum. Er nú fulltrúi í Seðlabankanum og einnig bæjarfulltrúi í Kópavogi þar sem hann er búsettur. Kona Skúla er Elín Tómasdóttir frá Skálmholti í Flóa. Þau eiga 5 börn.
7. Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, f. 21. nóv. 1933. Húsmóðir að Keldnakoti í Stokkseyrarhreppi og starfsmaður á skrifstofu Stokkseyrarhrepps. Ragnheiður lauk prófi frá Héraðsskólanum á Laugarvatni, var síðan árum saman flugfreyja í utanlandsflugi hjá Loftleiðum. Ragnheiður hefur starfað mikið við hesta, ræktun þeirra, þjálfun og tamningu og numið þau fræði erlendis. Hún hélt uppi nokkur ár námskeiðum í hestamennsku. Ragnheiður var gift Pétri Behrens frá Þýskalandi, rithöfundi og myndlistarmanni. Þau eiga tvö börn.
8. Grímur Sigurgrímsson, f. 16. ágúst 1935, trésmiður og starfsmaður Fasteignamats ríkisins, Reykjavík. Kona Gríms er Elín Frímannsdóttir frá Selfossi. Þau eiga 4 börn.
9. Hákon Gamalíel Sigurgrímsson, f. 15. ágúst 1937. Hann lauk prófi frá Verzlunarskólanum og stundaði einnig framhaldsnám í Englandi og Sviþjóð. Er nú framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda. Kona Hákonar er Unnur Stefánsdóttir frá Vorsabæ í Flóa. Búa þau í Kópavogi. Þau eiga 2 börn.





Sama ár og Sigurgrímur kvæntist tók hann við búi í Holti og jörðina eignaðist hann 1926. Jörðin Holt liggur í Stokkseyrarhreppi ofanverðum, 6 km frá Stokkseyri. Ekki er kunnugt um upphaf byggðar þar, en árið 1508 er Holts fyrst getið í ritaðri heimild svo vitað sé.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1708 kemur fyrst fram vitneskja um búskap og landgæði í Holti. Þar er sagt að bústofn í Holti sé 8 nautgripir, sauðfé 33 og hross 5. Þar segir einnig að fóðra megi á jörðinni 6 kýr, 12 ær, 6 lömb, 3 hesta. Ekki er fráleitt að ætla að þessar tölur gefi nokkra hugmynd um það hversu búið hefur verið í Holti fyrrum a.m.k. á síðari öldum. Má segja að Holt hafi á engan hátt skorið sig frá fjölda jarða í lágsveitum Suðurlands um búskap og búskaparstöðu. Það er fyrst á búskaparárum Jóns Jónssonar 1888 til 1921 að Holt kemst í tölu hinna betri bújarða hvað snertir bústærð, túnrækt og byggingar.

Landstærð í Holti er um 250 ha fyrir utan hjáleiguna Breiðumýrarholt, er var í sérábúð frá því á 17. öld og fram til 1946. Stendur bærinn í Holti sunnarlega í landi jarðarinn-

ar, en þar er víðáttumikið þurrlendi. Ofar voru engjar, þýfðar en grösugar, einkum eftir að Flóaáveitan kom til. Allur efri hluti af landi jarðarinnar liggur á Breiðumýri, en hún spannar stóran hluta Flóans svo sem kunnugt er. Kallaðist þar Holtsmýri og var nytjað bæði til slægna og beitar. Þar voru slægjulönd slétt en votsöm. Á mýrinni voru beitarhús frá Holti fram á miðja þessa öld. Árið 1955 var hjáleigan Breiðumýrarholt keypt og lögð við heimajörðina, og árið 1963 voru þrjú eyðibýli sem liggja á Breiðumýri: Brú, Oddagarðar og Gljákot keypt að hálfu og tekin á erfðaleigu að hálfu. Er nú landareign Holtsbúsins um 900 ha allt samliggjandi algróið land.

Um sömu mundir og Sigurgrímur hóf búskap í Holti var íbúðarhúsið, sem var timburhús, stækkað og gert tvílyft, var það notað til íbúðar fram til 1948. Fjós lét Sigurgrímur byggja 1921, tók það 18 gripi. Bústærðin á árunum 1921 til 1940 mun hafa verið að jafnaði 12–15 kýr, 100–120 ær og allmargt hrossa. Heyfengur fyrir þennan bústofn var tekinn að ¼ á túni og ¾ á áveituengi. Bú þetta var mun stærra en meðalbú voru þá í nálægum sveitum. Eigi að síður bjó Sigurgrímur Jónsson á þessum árum við þröngan fjárhag, réðist það af ýmsu. Kreppa var í landinu og með verðfalli og sölutregðu afurða. Þau umskifti voru orðin í landbúnaði að hinn gamli tími með vinnuhjúahaldi var liðinn, en vélvæðing við bústörf ekki hafin að ráði. Var þetta erfitt einyrkja með þungt heimili sem bundinn var mörgum störfum utan búsins. Annað kom og til, á þeim árum er Sigurgrímur Jónsson stofnaði heimili og hóf búskap var hann meðeigandi í útgerð vélbáta á Stokkseyri. Sú útgerð lánaðist ekki og hafði hann af henni verulegt fjárhagstjón er var honum fjötur um fót í mörg ár.

Eftir 1940 tók búskapurinn í Holti nýja stefnu. 1942 var byggt fjós fyrir 28 kýr, jafnframt hófst mikil ræktun. Var fyrst brotið til ræktunar um 30 ha mólendi, þurrt og grjótlaust, er lá umhverfis bæinn. Um eða fyrir 1955 hófst framræsla, var þá brátt hætt að veita á engjarnar, þær ræstar fram og gerðar að túni. Árið 1977 er túnið orðið 90 ha og að auki 35 ha áborinn hagi fyrir mjólkurkýr, síðan hefur






túnið enn stækkað og mun nú um 120 ha. Árið 1954 var fjósið frá 1942 stækkað svo að það tók 70 nautgripi. Votheysturn 300m$^3$ var byggður 1951, á þessum árum var einnig reist 1000 hesta þurrheyshlaða fyrir fjósið.

Á árunum 1974 til 1976 voru enn stórframkvæmdir í byggingum. Þá var byggð fjóshlaða um 4000m$^3$ að stærð og fjós er tekur 108 kýr á bása og 120 gelda nautgripi í lausagöngu. Þar með fylgdu mjaltabásar og mjólkurhús, einnig haughús undir öllu fjósinu. Um áramótin 1976–1977 eru á búinu 80 kýr, 70 geldneyti og 20 kálfar. Hafa síðan verið að jafnaði tæplega 200 nautgripir á fóðrum. Þar af um helmingur mjólkurkýr. Eftir fjárskiptin er fram fóru á 6. áratugnum var sauðfé fjölgað mjög í Holti. Árið 1960 var byggt fjárhús fyrir 400 fjár og við það hlaða rúmlega 1300m$^3$. Varð sauðfé á fóðrum 350 til 400 á árunum 1960–1970, en nokkru færra eftir 1970. Haustið 1979 var fénu öllu fargað og sauðfjárhald lagt niður a.m.k. um sinn vegna þeirra framleiðslutakmarkana sem þá voru að komast á.

Fyrsta dráttarvélin var keypt 1950, fór vélaeign síðan vaxandi eftir því sem bústofn og ræktun jókst og hafa hin síðari ár verið á búinu 6 dráttarvélar ásamt meðfylgjandi vélbúnaði til heyskapar og annarra bústarfa. Súgþurrkun er í þremur hlöðum. Vörubifreið hefur verið í eigu Holtsbænda og haldið úti til atvinnu frá 1946. Íbúðarhús á jörðinni eru nú þrjú, öll úr steinsteypu: Holt I 840m$^3$, reist 1948. Holt II 450m$^3$, reist 1958 og 1972. Holt III 405m$^3$, reist 1967. Húsráðendur eru: Holt I – Hörður Sigurgrímsson, Anna Guðrún Bjarnardóttir. Holt II – Vernharður Sigurgrímsson, Gyða Guðmundsdóttir. Holt III – Jón Sigurgrímsson, Jóna Ásmundsdóttir.

Árið 1955 var tekin upp í Holti félagsbúskapur er aðild áttu að Sigurgrímur og synir hans þrír, Jón, Hörður og Vernharður. Varir hann enn óbreyttur nema Sigurgrímur dró sig í hlé 1973. Er sameignarbú þetta með þeim hætti að allt er sameign nema innbú á heimilum eigenda. Þá er og allur rekstur búsins og vörubifreiðar sameiginlegur svo og viðhald og endurbætur fasteigna.

Frá upphafi hefur verið fært bókhald um búreksturinn og



*Holt í Stokkseyrarhreppi árið 1908. Málverk eftir Eyjólf Eyfells.*

allar framkvæmdir. Hefur þessi félagsbúskapur tekist þannig að eigendum er til sæmdar. Sigurgrímur lagði að honum grunninn af mikilli framsýni og er í dag byggt á þeirri undirstöðu. Hefir því þótt rétt að rekja hér þróun þessa stórbýlis allt til þessa dags.

Sigurgrímur Jónsson vann mikið að félagsmálum landbúnaðarins. Eins og fyrr var getið var Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps stofnað árið 1888 m.a. að forgöngu Jóns í Holti föður Sigurgríms. Sjálfur tók Sigurgrímur sæti í stjórn þess 1927 er faðir hans lét þar af störfum og var til 1958, þar af formaður 1944 til 1958 er Hörður sonur hans tók við og hefur gegnt því starfi síðan. Hafa því þrír ættliðir frá Holti átt sæti í stjórn Búnaðarfélagsins óslitið frá því að það var stofnað fyrir 94 árum. Auk þess að Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps var sjálfsagður tengiliður félagsmanna við heildarsamtök landbúnaðarins hefur það stutt mörg hagsmunamál bænda í Stokkseyrarhreppi. Munu þar tvö merkust, hið fyrra





var fyrir starfsdaga Sigurgríms, en Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps stóð þá fyrir stofnun Rjómabús að Baugsstöðum í Stokkseyrarhreppi í samvinnu við bændur í Gaulverjabæjahreppi og síðar einnig Villingaholtshreppi, tók það til starfa vorið 1905 og starfaði af þrótti næstu áratugina, en rjómavinnslu lauk þar endanlega 1952. Rjómabúið stendur enn með öllum búnaði og er nú varðveitt sem safn til minningar um þann merka þátt í sögu landbúnaðarins sem þau voru.

Árið 1947 stóð Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps að stofnun Ræktunarsambands Eyrbyggja með Búnaðarfélagi Eyrarbakka. Hlutverk þess var að kaupa og starfrækja stórvirk jarðvinnslutæki til afnota fyrir bændur á félagssvæðinu. Má kalla stofnun þess og starf hluta af þeirri tæknibyltingu í íslenskum landbúnaði, sem varð á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Félag þetta eignaðist jarðýtu með jarðvinnslutækjum árið 1949, vann hún mikið fyrir bændur á félagssvæðinu næstu árin. Sigurgrímur Jónsson var aðalhvatamaður að stofnun Ræktunarsambandsins og formaður þess meðan það starfaði. Eftir rúman áratug sameinaðist félagsskapur þessi Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða og hafa Stokkseyringar átt aðild að því síðan.

Þess má geta, að síðasta trúnaðarstarf sem Sigurgrímur Jónsson tók að sér fyrir samborgara sína, var að rita sveitarlýsingu Stokkseyrarhrepps og allra býla þar til birtingar í Héraðslýsingu Suðurlands, II. bindi, er út kom í árslok 1981. Lauk Sigurgrímur við ritsmíð þessa fáum mánuðum fyrir dauða sinn. Ber hún gott vitni ritfærni hans og frásagnargáfu, svo og ófölskvuðum hug hans og hæfni, þrátt fyrir að hann væri kominn vel á níræðisaldur er hann reit hana.

Sigurgrímur var um árabil fulltrúi Stokkseyringa á aðalfundum Búnaðarsambands Suðurlands. Hann var um skeið fulltrúi Árnesinga á fundum Stéttarsambands bænda og sat þrjú Búnaðarþing sem fulltrúi Sunnlendinga. Umfangsmesta einstök framkvæmd í þágu íslensks landbúnaðar á fyrri hluta þessarar aldar er án efa Flóaáveitan, er tók til starfa vorið 1927 að loknum þriggja ára framkvæmdum og lengri undirbúningstíma. Fjöldi bænda á áveitusvæðinu vann að gerð

Flóaáveitunnar. Var Sigurgrímur einn þeirra, en hann var verkstjóri við gerð skurða og flóðgarða. Við tilkomu áveitunnar varð bylting í heyöflun bænda á áveitusvæðinu. Þurfti því að auka bústofn og koma afurðum í verð til að hún næði tilgangi sínum. Bújarðir og búskaparhættir í Flóanum voru þannig, að viðleitni til framfara í búnaði hlaut að beinast að aukinni framleiðslu mjólkur og mjólkurvara. Þar voru rjómabúin fyrsta skrefið, en þau áttu sitt blómaskeið frá aldamótum og fram yfir fyrri heimsstyrjöldina. Því næst hófu ýmsir einstaklingar sölu mjólkur og mjólkurvara beint til Reykjavíkur á árunum fyrir og eftir 1920 og fluttu fyrst á hestvögnum og síðar bifreiðum. Ljóst var að þessi afurðasala þurfti betri skipulagningar við. Því var jafnhliða gerð Flóaáveitunnar hafist handa um stofnun mjólkurbús. Var mjólkurbúsfélagið stofnað 10. des. 1927, en búið hóf starfrækslu sína 5. des. 1929 á Selfossi. Þeir er hvað mest höfðu forystu um stofnun Mjólkurbús Flóamanna voru bændurnir Dagur Brynjúlfsson í Gaulverjabæ og Eggert Benediktsson í Laugardælum og með þeim Eiríkur Einarsson lögfræðingur og alþingismaður, sem þá var bankastjóri við Landsbankann á Selfossi. Var hann fyrsti stjórnarformaður Mjólkurbúsins og vann mjög mikið starf við stofnun þess. Sigurgrímur Jónsson, sem þá var ungur bóndi, gekk í upphafi til liðs við þessa menn og var skjótt valinn til forystu, því hann var kosinn í stjórn Mjólkurbús Flóamanna á fyrsta aðalfundi þess 1929 og var þar ekki tjaldað til einnar nætur, því í henni sat hann samfellt í 43 ár, síðustu 6 árin sem formaður.

Sigurgrímur var varamaður í stjórn Mjólkursamsölunnar í Reykjavík frá stofnun hennar til 1961, en síðan aðalmaður til 1972 og formaður 1966–1969. Af samstarfsmönnum Sigurgríms við Mjólkurbúið er Egill Thorarensen, kaupfélagsstjóri á Selfossi sá er lengst og mest kvað að, en hann átti sæti í mjólkurbússtjórninni 1931–1961 og var formaður hennar allan tímann.

Mjólkurbú Flóamanna tók skjótum þroska. Hlutverk þess í framleiðslu og afurðasölumálum bændastéttarinnar staðfestist með setningu löggjafar um mjólkursölu árið 1934.





Húsakynni búsins sem í upphafi höfðu verið talin vel við vöxt, urðu allt of lítil og á árunum milli 1950–1960 var reist stórhýsi yfir starfsemi þess búið fullkomnustu tækjum.

Það var við andlát Sveinbjarnar Högnasonar, árið 1966 sem Sigurgrímur tók við formennsku í mjólkurbússtjórninni. Í því starfi voru verk hans heilladrjúg, og til þess fallin að skapa samstöðu meðal félagsmanna. Varð hann því farsæll og virtur leiðtogi hinna mörgu er að Mjólkurbúi Flóamanna stóðu. Má hiklaust telja Sigurgrím einn af helstu forystumönnum við uppbyggingu nútíma mjólkuriðnaðar hér á landi. Einn þeirra er minntust Sigurgríms við andlát hans var Ágúst Þorvaldsson, bóndi og alþingismaður á Brúnastöðum, en hann var lengi samstarfsmaður Sigurgríms við Mjólkurbú Flóamanna. Hann sagði svo m.a.: „Við sem vorum með honum í stjórn Samsölunnar og Mjólkurbúsins eigum góðar endurminningar um Sigurgrím og samstarfið við hann. Alltaf var hann jafn hlýr og prúður í framkomu og þótt einhver skoðanaágreiningur yrði milli hans og annarra manna þá lét hann slíkt engin áhrif á sig hafa. Hann var alltaf hið sama prúðmenni og vingjarnlegur. Sigurgrímur var vel greindur og mjög skýr ræðumaður, vel máli farinn og átti gott með að túlka skoðanir sínar þannig að öllum gæti verið ljóst hvað hann meinti. Þá var hann einnig ágætlega ritfær og létt um að semja ritgerðir og fundargerðir."

Hér að framan hafa verið rakin að nokkru margháttuð trúnaðarstörf Sigurgríms er hann vann fyrir landbúnaðinn, einu má þó bæta við þótt á öðru sviði sé. En það var starf Sigurgríms í Fasteignamatsnefnd Árnessýslu, en þar var hann tvívegis, fyrst 1938 til 1942 með þeim Böðvari Magnússyni, hreppstjóra á Laugarvatni og Páli Stefánssyni, bónda á Ásólfsstöðum, og aftur 1965 til 1970 með Sigmundi Sigurðssyni, bónda í Syðra-Langholti, og Steinþóri Gestssyni, alþingismanni, Hæli. Þetta starf hefur án efa gefið svo glöggum manni sem Sigurgrímur var einkar góða yfirsýn og þekkingu á hag manna og búskaparaðstöðu í hinu víðlenda heimahéraði hans og þeirri þróun, er þar varð á þeim aldarfjórðungi er leið milli matsgerðanna.

Stokkseyrarhreppur í Árnessýslu var öldum saman með

fólksflestu sveitarfélögum hér á landi, náði hann fram til 1897 yfir það svæði þar sem nú eru Stokkseyrar- og Eyrarbakkahreppar, en það ár varð skipting hreppanna. Stokkseyri var upphaflega stórbýli með 20 hjáleigum, en þetta hverfi þróaðist yfir í kauptúnið Stokkseyri á síðustu áratugum 19. aldar, er þarna varð mikil fólksfjölgun.

Útgerð opinna áraskipa var í hámarki á þessum árum, flest allt að 50, og einnig risu upp öflug verzlunarfyrirtæki er áttu viðskifti við bændur vítt um næstu héruð, en Stokkseyri var gerð að löggiltum verzlunarstað 1884. Verzlunin þar átti sitt blómaskeið næstu tvo til þrjá áratugina en færðist síðan með bættum samgöngum á landi til annarra staða, Reykjavíkur og Selfoss. Þá tókust einnig af kaupferðir milli landa á svo smáum skipum að þau gætu athafnað sig á Stokkseyri. Útgerð Stokkseyringa breyttist í vélbátaútgerð á fyrstu áratugum þessarar aldar, en bátarnir voru smáir og Stokkseyri stóðst ekki samkeppnina við staði þar sem voru góð hafnarskilyrði og stærri skip voru gerð út frá. Af þessu leiddi að staðurinn komst í varnarstöðu vegna hinna breyttu þjóðfélagshátta og fólkinu fækkaði við burtflutning til annarra þéttbýlisstaða.

Sigurgrímur Jónsson kom til starfa í hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps 1928 og var þar í 30 ár, lengst allra er þar hafa starfað, þar af var hann oddviti í 16 ár frá 1934 til 1938 og 1946 til 1958. Lengst af þessum tíma var þjóðfélagsþróunin Stokkseyringum óhagstæð, vannst þó margt til framfara á nefndu tímabili. Sumt fyrir beina forystu sveitarstjórnar, annað með samvinnu hennar við yfirvöld fjármála og framkvæmda í landinu.

Á kreppuárunum eftir 1930 urðu verulegar þrengingar í útgerð á Stokkseyri. 1933 bundust menn samtökum um stofnun útgerðarfélags er nefndist Samvinnufélag Stokkseyringa. Lét það byggja á næsta ári 3 vélbáta í Danmörku, 16 smálestir að stærð. Komu þeir til veiða á vertíðinni 1935 og skiptu þeir sköpum fyrir atvinnulíf þorpsins. Sigurgrímur Jónsson vann mjög að stofnun þessa félags, en það starfaði tæpan áratug. Var þetta fyrsta stórframkvæmd í málum





Stokkseyringa sem hann stóð að og enn merkari fyrir þá sök að hún skeði á næsta erfiðum tíma. Síðar á árunum milli 1950 og 1960 er Sigurgrímur var oddviti hafði hann umsjón með umfangsmikilli útgerð á vegum Stokkseyrarhrepps og sameignaraðila. Voru þá enn smíðaðir 2 bátar í Danmörku fyrir Stokkseyringa.

Fyrsti vísir að íshúsi á Stokkseyri tók til starfa um síðustu aldamót og starfaði það þannig í fjóra áratugi. Nokkru eftir 1940 þróaðist reksturinn yfir í hraðfrystihús. Fyrirtæki þetta var þó jafnan mjög fjárvana en svo var komið að hin nýja verkunaraðferð, hraðfrystingin, var óhjákvæmileg til að breyta fiskinum í verzlunarvöru.

Árið 1948 var svo stofnaður um þennan atvinnurekstur nýr og öflugur félagsskapur í hlutafélagsformi með mikilli þátttöku Stokkseyrarhrepps. Sigurgrímur Jónsson var þá oddviti, var hann einn aðalhvatamanna að stofnun félagsins og fyrsti stjórnarformaður. Lét hann mjög til sín taka um rekstur þess fyrsta áratuginn sem það starfaði. Félagið hlaut nafnið Hraðfrystihús Stokkseyrar h.f.

Meðal skyldra framkvæmda sem var ráðist í á þessum árum, var stofnun fiskimjölsverksmiðju í samvinnu við Hraðfrystistöð Eyrarbakka. Var hún reist á milli þorpanna og starfar þar enn, hlaut hún nafnið „Fiskimjöl Eyrbyggja." Sigurgrímur Jónsson beitti sér fyrir stofnun þessa fyrirtækis ásamt Vigfúsi Jónssyni, sem þá var oddviti á Eyrarbakka. Sigurgrímur Jónsson var öðru sinni stjórnarformaður Hraðfrystihúss Stokkseyrar h.f. á árunum 1970–1975, skorti þá eigi holl ráð hans og hvatningu til framkvæmda, þrátt fyrir háan aldur. Hraðfrystihús Stokkseyrar h.f. hefur allt frá stofnun verið helsti vinnuveitandi á Stokkseyri og byggðarlaginu ómetanleg lyftistöng. Hefur starfsemi þess aukist mjög hin síðari ár og má það nú kallast stórveldi í sinni grein.

Frá því að Sigurgrímur Jónsson hafði fyrst kynni af sjómennsku og sjávarverkum og þar til lauk afskiptum hans af útgerð og fiskverkun liðu meira en sextíu ár, en í raun og veru lifði hann þarna og sá þjóðarsöguna í þessari atvinnugrein. Unglingurinn sem hóf störf sín við sjávarútveg sem

sjómaður á áraskipi og bjó í lélegri sjóbúð í Þorlákshöfn, var 60 árum síðar stjórnarformaður nýtízku frystihúss með alhliða fiskverkun og útgerð.

Erfið hafnarskilyrði hafa alla tíð verið þungur fjötur á útgerð frá Stokkseyri. Má þó segja að fyrstu framkvæmdir til umbóta þar á hafi orðið fyrir síðustu aldmót, hefur síðan verið unnið meira og minna óslitið að þeim málum og margir góðir menn lagt hönd á plóginn. Lét Sigurgrímur Jónsson þar ekki sitt eftir liggja og í hans oddvitatíð var unnið mjög að dýpkun innsiglingarinnar og til þess varið verulegum fjármunum að þeirra tíma verðgildi, með þeim árangri að nú sigla inn á Stokkseyri 50–60 tonna bátar á hálffullnum sjó.

En þrátt fyrir þessa viðleitni og markverðar framkvæmdir síðari tíma manna er nú svo komið að mest öll útgerð Stokkseyringa fer fram frá Þorlákshöfn. Nauðsynleg stækkun fiskiskipanna þróaðist miklu örar en möguleikar á framkvæmdum við dýpkanir og gerð annarra hafnarframkvæmda á Stokkseyri. Hagar nú þannig til að framtíð útgerðar á Stokkseyri er mjög bundin því að brú komi yfir Ölfusá í Óseyrarnesi, er stytta mun veginn mikið milli Stokkseyrar og Landshafnarinnar í Þorlákshöfn.

Meðal annarra framkvæmda í Stokkseyrarhreppi, er Sigurgrímur hafði forystu um eða studdi að, má nefna þessar: Reist var barnaskólahús fyrir Stokkseyri sem enn er notað, ásamt skólastjórabústað. Veitt var rafmagni frá Sogsvirkjun til Stokkseyrar og stofnuð rafveita á vegum hreppsins til viðtöku á því rafmagni og dreifingar um þorpið. Hafin var lagning holræsa. Allir sveitabæir hreppsins, sem nú eru í byggð, komust í vegasamband og tengdust rafveitu og símakerfi landsins, en þetta þrennt er forsenda þess að byggð haldist.

Auk þess sem að framan greinir vann Sigurgrímur mörg fleiri trúnaðarstörf fyrir byggðarlag sitt sem hér yrði of langt upp að telja, má þó nefna að hann var lengi í skattanefnd og allt þar til það fyrirkomulag var niður lagt í embættiskerfi skattamála. Þá var hann einnig umboðsmaður Brunabótafélags Íslands í Stokkseyrarhreppi um áratugaskeið.

Athygli hlýtur að vekja langvarandi forysta Sigurgríms





Jónssonar og ættmenna hans í málefnum Stokkseyrarhrepps, en hann sjálfur, Jón faðir hans og Vernharður sonur hans hafa samtals setið í hreppsnefnd 71 ár af 101 sem nú er liðið frá því Jón í Holti tók þar fyrst sæti. Oddvitastarfi hafa þeir þrír á sama tímabili gegnt samtals í 37 ár og nú hefur dótturson Sigurgríms, Einar Sveinbjörnsson, verið sveitarstjóri frá 1978.

Í stjórnmálum fylgdi Sigurgrímur Framsóknarflokknum að málum. Hafði hann áhuga á stjórnmálum og fylgdist gerla með hverju þar fór fram, en hafði jafnframt til að bera nægan þroska og víðsýni til að geta horft út fyrir þröng flokkssjónarmið.

Eins og aðrir, sem til forystu veljast, varð Sigurgrímur oft að taka á og heyja baráttu fyrir því, er hann tók sér fyrir hendur, og að sjálfsögðu voru samferðamennirnir ekki alltaf sammála öllum ákvörðunum hans. Slíkt er hlutskifti allra forystumanna að þeir fá að kenna á stormum sinnar tíðar, en nú þegar horft er til baka ætla ég að flestum sem til þekkja sé augljóst að Sigurgrímur Jónsson er einn af mikilhæfustu forystumönnum sem Stokkseyrarhreppur hefur eignast bæði fyrr og síðar.

Sigurgrímur hlaut við ýmis tímamót í lífinu þakkir og viðurkenningu fyrir störf sín. Hann var sæmdur Riddarakrossi Fálkaorðunnar 1. janúar 1967 og þann 19. maí 1976 kaus hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hann einróma heiðursborgara Stokkseyrarhrepps. Sigurgrímur Jónsson mátti teljast gæfumaður, hann fékk í vöggugjöf gott atgjörvi til líkama og sálar er honum entist langa ævi. Alla hans tíð var í landinu framfaraskeið, þannig að hæfileikar hans fengu að njóta sín, og hann hlaut stuðning annarra til forystu í þeim málefnum, er honum voru hugleikin. Í einkalífi sínu hafði hann í meira en hálfa öld samfylgd góðs maka, sem studdi hann með ráðum og dáð, og er hann í elli sinni hafði látið af störfum sá hann afkomendur sína taka upp merkið bæði heima og heiman.

Höfuðeinkenni skapgerðar Sigurgríms voru eðlislæg prúðmennska og kurteisi en um leið fastur vilji til þeirra málefna

sem hann vildi láta fram ganga. Hann var einlægur trúmaður á handleiðslu æðri forsjónar og annað líf er við tæki að þessu loknu og hugleiddi margt um rök lífs og dauða. Þetta viðhorf var honum styrkur á athafnasamri lífstíð og einnig á ævikveldi.

Þegar horft er yfir farinn veg, hygg ég að líf og starf Sigurgríms Jónssonar hafi öðru fremur mótast af góðviljuðum framkvæmdahug og miklu mannviti.

Sigurgrímur Jónsson var að upplagi þrekmaður og bjó lengst ævi sinnar við góða heilsu, en árið 1970 er hann var 74 ára fékk hann tímabundna lömun í vinstri fót og handlegg, sem gekk þó undraskjótt til baka að mestu svo hann fékk sinnt hin næstu ár félagsmálastörfum, sem þá voru enn umfangsmikil, en hann sagði smám saman af sér á síðasta áratugi ævinnar. Haustið 1980, er hann var 84 ára, veiktist hann alvarlega og dvaldi síðustu mánuðina á sjúkrahúsinu á Selfossi, og þar andaðist hann 15. janúar 1981.






Þetta er þriðja bókin í bókaflokki þeim er byggist á frásögnum af merkum bændum í þessu landi. Allar eru þessar bækur sjálfstæðar og gefa hver um sig góðar upplýsingar um þróun íslensks landbúnaðar fram á okkar daga.
Hér er skrifað um 13 bændur af 12 höfundum.
Þeir sem sagt er frá eru:
Albert Kristjánsson, Pálastöðum, bræðumir á Stóru-Giljá, Sigurður og Jóhannes Erlendssynir, Gísli Þórðarson, Ölkeldu, Hallur Kristjánsson, Grísshóli, Hermann Jónsson, Yzta-Móa, Júlíus Bjarnason, Leirá, Þuríður Ólafsdóttir (óðalskona í Ögri), Sigmundur Sigurðsson, Syðra-Langholti, Sigurður Snorrason, Gilsbakka, Sigurgrímur Jónsson, Holti, Stefán Stefánsson, Fagraskógi, Sveinn Jónsson, Egilsstöðum.

